

Hluti af gildandi deiliskipulagi af byggð norðan Rauðagerðis samþ. í borgarráði 2. okt 1979.
Kvarði 1:1500



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.
Kvarði 1:1500

## GREINARGERÐ

Í gildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir færslu á stígum sem þá voru fyrir en því hefur ekki verið fylgt eftir í framkvæmd. Jarðvegsmanir voru ekki framkvæmdar í samræmi við skipulagsuppdrátt. Engir skilmálar eru um jarðvegsmanirnar í greinargerð deiliskipulagsins en í sérákvæðum 2.2.1 segir:
*„Lóðarhöfum er heimilt að losa uppgröft frá lóðum sínum á svæði meðfram Miklabraut, þar* sem ætlunin er að gera jarðvegshryggi til varnar hávaða (*„hljóðmúra") sbr. skipulagsuppdrætti"*
Tillaga að breytingu er gerð á þeim hluta deiliskipulagssvæðisins sem nær á milli Íbúðabyggðar við Rauðagerði og að Miklubrautar.
Ný strætórein er sett meðfram Miklubraut.
*„Ekki verður heimilt að leggja strætóreinina fyrr en hljóðmön er gerð".*

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að lækka umferðahávaða í og við íbúðarhús í Rauðagerði næst Miklubraut í samræmi við reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Útreikningar sýna að þessum árangri er náð með 3-5m háum hljóðvörnum, jarðvegsmön og 2,5m vegg eftir staðsetningu, m.v. götuhæð. Núverandi hljóðstig við húshlið og í görðum er á bilinu 63-65dB.

### Eftirfarandi breytingar eru gerðar á gildandi deiliskipulagi

1. Breyting er á fyrirkomulagi og staðsetningu á jarðvegsmönum miðað við framkvæmd.
2. Núverandi jarðvegsmanir hækkaðar um 1-3 metra. Í steinhleðslu eru notaðar t.d. gabion til að taka upp hæðarmismun og minnka breidd þeirra.
3. Staðsetning á stígum er sunnan við jarðvegsmön. Núverandi stígur meðfram Miklubraut er lagður af í samræmi við gildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir hjólareinum.
4. Til að varðveita núverandi gróður á austurhlutanum er gerð tillaga um 2,5 m háan samfelldan hljóðvegg á núverandi stígstæði. Hljóðveggurinn liggur á móts við Rauðgerði 49 að Rauðagerði 53.
5. Tré- og runnagróður verður gróðursettur í jarðvegsmanir og meðfram hljóðveggjum.
6. Bætt er við strætórein í tengslum við biðskýli við Miklubraut.
7. Hleðsluveggur skal vera minnst 2m frá vatnslögn.

Snið í gegnum hækkun á hljóðmönum
Kvarði 1:100




SKÝRINGARMYND
Hljóðmön og frágangur - einkennandi sniðmynd til skýringar.

Hleðsluveggur skal vera minnst 2m frá vatnslögn

Miðað er við að hæð hljóðmön sé minnst 4m frá gólfhæð neðri hæðar húsa.
Sjá meðfylgjandi greinargerð umhverfis- og samgöngusviðs um hljóðvist við Rauðagerði dags. í mars 2008.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 - 2024. (Hluti)


Ásýnd, séð ofan af göngubrú sem liggur yfir Miklubraut


Ásýnd, gabions meðfram Miklubraut


Ásýnd, gabions meðfram göngustig sem liggur við Rauðagerði

- Deiliskipulagsmörk og mörk breytinga
- Núv. göngustigar sem haldast óbreyttir
- Nýr göngu og hjólastígur
- Steinhleðsla t.d. úr gabion
- Hljóðveggur
- Strætórein
- Núv. vatnslögn
- Núv. rafmagn
- Nýjar hæðir 1m
- Gamlar hæðir 1m

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhverfis- og skipulagsráði þann 1. júlí 2015 og í Borgarráði þann 8. júlí 2015.
Tillagan var auglýst frá 8. maí 2015 með athugasemdafresti til 19. júní 2015.
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _______ 2015.

Björn Axelsson
_______________________

LANDMÓTUN HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

# Byggð norðan Rauðagerðis

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

| | |
|---|---|
| DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR | SKIPULAG: Yngvi Þór Loftsson<br>TEIKNAÐ: LKÓ<br>SAMÞYKKT<br>KT. |
| KVARÐI 1: 1500,100 A2 | KÓPAVOGUR dags. 16.03.2015 |
| VERKNR. | TEIKN. NR. BR. |
| DG1501 | A01 |